

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Borgarness Apóteks.**

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Borgarness Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 9—12 og 13—18.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júní 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 316.

24. júní 1975.

SAMÞYKKT**fyrir Sparisjóð Bolungarvíkur.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Bolungarvíkur, og er heimili hans og varnarþing í Bolungarvík.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru 20 og skulu þeir allir búsettir í Bolungarvík og fjölga um einn við hverja 100 nýja íbúa. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning, missi fjárræðis eða gjaldþrots, nema fundur ábyrgðarmanna samþykki. Samþykki ábyrgðarmannafundar þarf til upptöku nýrra ábyrgðarmanna í stað þeirra, sem úr falla.

3. gr.

Ábyrgðarmenn skuldbinda sig með undirskrift sinni undir samþykktir sjóðsins til þess að ábyrgjast, að hann fullnægi skuldbindingum sínum og svarar hver um sig í því skyni, ef með þarf, allt að kr. 25 000.00.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af bæjarstjórn Bolungarvíkur og sömu aðilar kjósa jafnmarga til vara og gildir kosning þeirra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnendur má endurkjósa svo oft sem vill. Þeim ábyrgðarmanni, sem gengt hefur stjórnarstörfum samfleytt í fjögur ár, er ekki skylt að taka við kosningu, fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kys sér formann árlega. Ekki má stjórnin reka lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður sparisjóðsstjóra og starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

5. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með minnst tveggja daga fyrirvara. Fundarboð skal